

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Norðurþingi.

*Breyting á deiliskipulagi miðhafnarsvæðis á Húsavík.*

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings þann 18. september 2012 var samþykkt breyting á miðhafnarsvæði Húsavíkur í Norðurþingi.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að öll lóðarmörk og byggingarreitir eru endurskoðuð og fjöldi hæða er skilgreindur nánar. Gert er ráð fyrir nýrra aðalgönguleið og bílastæðum meðfram hafnar-kanti auk nýrra flotbryggja og torgsölusvæða. Deiliskipulagsbreytingin byggir að hluta á breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem var auglýst samhlíða deiliskipulaginu.

Með samþykkt þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag af svæðinu frá 1998.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi hesthúasvæðis við Saltvík.*

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings þann 20. nóvember 2012 var samþykkt breyting á hesthúasvæði við Saltvík í Norðurþingi.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að felldar eru út þrjár lóðir en aðrar sex lóðir stækkaðar. Auk þess er staðsetning og lögun lóða, gatna, bílastæða, kerru- og rúllusvæða aðlagað nýjum forsendum, en heildarsvæði mannvirkja er nánast óbreytt.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna sem óverulega skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og breytingin grenndarkynnt. Grenndarkynningu lauk með áritun nágranna til samþykktar á uppdrátt breytinganna.

Með samþykkt þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag af svæðinu sem samþykkt var í sveitarstjórn Norðurþings 21. september 2010.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Húsavík, 21. nóvember 2012.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. desember 2012